

GUÐRÚN ELSA BRAGADÓTTIR

Til tunglsins og til baka

Takmarkalaus ást og gervigreindarmyndin

Undanfarna áratugi hafa dúkkur, vélmenni og forrit verið þróuð til þess að uppfylla hlutverk í lífi fólks sem áður voru einungis á færi annarra manneskja. Sálgreinandinn Danielle Knafo segir í nýlegri bók frá skjólstæðingi sínum sem verður afhuga konum, eftir ítrekuð vonbrigði og ástarsorg, og byrjar að búa með „ástartúkk“ (e. *love doll*).¹ Þótt sambúðin hafi endað þegar skjólstæðingurinn var reiðubúinn að treysta mensskum konum á ný, fjallar bókin líka um karlmenn sem kjósa heldur samneyti við dúkkur en fólk. Sumir þeirra hafa jafnvel gengið í hjónaband með ástartúkk, þótt vígslan sé ef til vill ekki lögleg í augum ríkis og kirkju.² Dúkkurnar eru alls ekki eingöngu ætlaðar til kynlífs. Þær eru í stöðugri þróun sem ber merki um aukna áherslu á félagsskapinn sem þær geta veitt.³ Á undanförunum árum hafa fyrirtæki eins og *RealDoll* byrjað að framleiða véldúkkur með gervigreind sem

¹ Danielle Knafo og Rocco Lo Bosco, *The Age of Perversion. Desire and Technology in Psychoanalysis and Culture*, London og New York: Routledge, 2017, bls. 60–83.

² Að minnsta kosti enn sem komið er. Gervigreindarsérfræðingurinn David Levy spáir því að hjónaband manna og vélmenna verði löglegt í sumum fylkjum Bandaríkjanna innan fjörutíu ára. Sjá Danielle Knafo og Rocco Lo Bosco, *The Age of Perversion. Desire and Technology in Psychoanalysis and Culture*, London og New York: Routledge, 2017, bls. 15.

³ Þróaðar hafa verið annars konar gervigreindar dúkkur sem ætlað er að taka að sér umhyggju- eða umönnunarhlutverk sem eru síður náin en þau sem ástartúkkum er ætlað að þjóna. Má þar nefna dúkkur og vélmenni sem eru notaðar í meðferð Alzheimer-sjúklinga og til að hjálpa börnum með einhverfu að læra félagsfærni. Sjá Danielle Knafo og Rocco Lo Bosco, *The Age of Perversion*, bls. 15–16. Sjá einnig Alyssa M. Alcorn og fleiri, „Educators’ Views on Using Humanoid Robots With Autistic Learners in Special Education Settings in England“, *Frontiers in Robotics and AI*, 1. nóvember 2019, sótt 26. mars 2021 af <https://doi.org/10.3389/frobt.2019.00107>.



sýna svipbrigði, skynja snertingu, taka þátt í einföldum samræðum sem þær „læra“ af og geta „munað“ það sem þeim er sagt.⁴

Ljóst er að ýmiss konar tækni – allt frá stefnumótaforritum til ástarvél-
menna – setur nú þegar svip sinn á ástarsambönd í nútímasamfélögum og er
jafnvel farin að hafa áhrif á það hvernig við hugsum um ást. Vísindaskáld-
skaparmyndir hafa fjallað um ást og þrá eftir ó- eða hálfmennskum ástar-
viðföngum með ólíkum hætti allt frá *Metropolis* (Fritz Lang, 1927) til *The*
Stepford Wives (Bryan Forbes, 1975), *Blade Runner* (Ridley Scott, 1982) og
Transcendence (Wally Pfister, 2014). Hér verður sjónum beint að úrvinnslu
Spike Jonze á viðfangsefninu, nánar tiltekið gervigreindarmyndinni *Hún*
(*Her*), sem kom út árið 2013 og Jonze leikstýrði, skrifaði og framleiddi.

Eins og allur góður vísindaskáldskapur og framtíðarsögur fjallar *Hún*
ekki síst um samtíma sinn en frásögninni virðist vinda fram í alls ekki svo
fjarlægri framtíð. Myndheildin (f. *mise-en-scène*) á ríkulegan þátt í að ljá
söguheiminum yfirbragð þessarar rétt ókomnu framtíðar, en slíkar sviðs-
myndir hafa verið kenndar við „retró-fútúrisma“ (e. *retro-futurism*). Í tilviki
Hennar felst „retró-fútúrisminn“ í því að búningar sem vísa skýrlega í tísku-
strauma síðustu aldar blandast saman við stílhreina sviðsmynd og leikmuni
sem sækja töluvert í straumlínulagaða hönnun *Apple*-vara. Þrátt fyrir þessar
skírskotanir til „fortíðar“ er framtíðarleikinn afdráttarlaus og sést skýrast í
því að söguveröldin er tæknivædd á máta sem tekur tæknistigi okkar samtíma
fram.⁵ Frásögnin dansar á mörkum hins ókennilega á þeim augnablikum
sem glittir í kunnuglegan veruleika í annars framandi umhverfi: Manneskjur
eyða tíma sínum fyrir framan skjái heima og í vinnunni. Úti við ganga þær
um í djúpum samræðum við tækin sín með heyrnartól í eyrum og stara út í
bláinn á meðan þær brosa yfir einhverju sem enginn annar heyrir. Ástarsam-
bandið sem myndin snýst um – samband karlmanns og stýrikerfis – virðist
heldur ekki svo langsótt í samhengi tækniþróunarinnar sem rædd var hér að
ofan eða þá rannsóknar sem birtist 2011 og sýndi að þriðjungur japanskra
ungmenna fannst hefðbundin sambönd ekki fyrirhafnarinnar virði og kusu
heldur að mynda tengsl í gegnum tækni eða stunda skírlífi.⁶

Í þessari grein verður *Hún* skoðuð í ljósi kenninga Sigmunds Freuds, sér í

⁴ Sjá *RealDoll*, sótt 26. mars 2021 af <https://www.realdoll.com/realdoll-x/>.

⁵ Framtíðartæknin er þó þekktanlega afleidd af snjalltækjavæðingunni sem hófst ein-
mitt fáeinum árum áður en myndin kom út. Þegar tímasetja á upphaf snjalltækja-
væðingarinnar með nákvæmari hætti er gjarnan horft til ársins 2007, en það ár var
iPhone kynntur í fyrsta sinn á vörusýningu Apple.

⁶ Danielle Knafo og Rocco Lo Bosco, *The Age of Perversion*, bls. 69.

lagi í samhengi hvatahagkerfisins (e. *libidinal economy*) sem hann notaði til að skilja ástarsambönd. Þegar sálgreiningu er beitt við lestur kvikmyndatextans innan kvikmyndafræðinnar hefur sú hugmynd gjarnan legið til grundvallar að samsvörun af einhverju tagi megi sjá milli kvikmyndatextans og þeirra hugrænu kerfa sem Freud gerði að viðfangsefni rannsókna sinna.⁷ Hér verður gerð tilraun til að beita sálgreiningu með öðrum hætti og því haldið fram að getgátur um slíka samsvörun séu óþarfar, heldur beri að staldra við verklag Freuds sjálfs og virkja sem fyrirmynd. Rétt eins og hann hlustaði með opnum huga á skjólstæðinga sína getur það reynst gagnlegt að *blusta* á textana sem taka á til umfjöllunar án þess að áfangastaður greiningarinnar sé ljós frá upphafi. Í stað þess að þröngva viðfangsefninu inn í fyrirframgefna merkingarformgerð skyldi heldur leitast við að beita túlkunarvísindunum (e. *hermeneutics*) sem óaðskiljanleg eru aðferðafræði sálgreiningarinnar til að stofna til samtals við skírskotanir og merkingarvirgni texta.⁸ Eins skyldi taka það með í reikninginn að í greiningarvinnunni felst að kenningar og hugtök Freuds eru gaumgæfð og leitað til þeirra þegar þau gagnast til að varpa frekara ljósi á kvikmyndatextann. Þá er líka gert ráð fyrir því að kvikmyndin geti víkkað út og flækt skilning okkar á hugmyndum sálgreiningarinnar um ást.

Ástarspeki Freuds

Freud er ekki vinsæll í brúðkaupum. Hann er ekki á meðal þeirra spekinga sem vísað er til í ræðum sem eiga að hreyfa við gestum og hvetja nýbökuð hjón til dáða við upphaf vegferðar þeirra. Engu að síður má segja að ástin svífi

⁷ E. Ann Kaplan rekur þróun kvikmyndakenninga er styðjast við sálgreiningu í innangi sínum að bókinni *Psychoanalysis & Cinema*. Sjá E. Ann Kaplan, „Introduction. From Plato's Cave to Freud's Screen“, *Psychoanalysis & Cinema*, New York og London: Routledge, 1990, bls. 1–23.

⁸ Aðferðin sem reynt verður að forðast hér felur í sér „afhjúpun“ (e. *demystification*) á dulinni merkingu texta, þar sem áhersla er lögð á „sjúkdómseinkenni“ (e. *symptom*) sem eru vísbendingar um togstreitu í verkinu. Eins og Tim Dean hefur bent á í gagnrýni sinni á Slavoj Žižek og marxíska menningargagnrýni sem byggir á sálgreiningu, er þar oft gert ráð fyrir því að „listaverkið villi á sér heimildir eða segi eitthvað óvart [...] og þurfi þess vegna á menningarrýninum að halda“ til að afhjúpa *raunverulega* merkingu þess (Tim Dean, „Art as Symptom. Žižek and the Ethics of Psychoanalytic Criticism“, *Diacritics* 2/2002, bls. 21–42, hér bls. 29–30). Trevor C. Pederson setur fram svipaða gagnrýni í nýlegri bók, þar sem hann bendir á tilhneigingu gagnrýnenda til að leita að vísbendingum sem styðja fyrirframgefna greiningu þeirra á kvikmyndatextanum, hvort sem leit þeirra er að reðurtáknum, ummerkjum ödipusarduldar eða annarra viðfangsefna sálgreiningar. Sjá Trevor C. Pederson, *Psychoanalysis and Hidden Narrative in Film. Reading the Symptom*, London og New York: Routledge, 2018, bls. 2.

yfir vötnum í gervöllu höfundarverki hans, þótt hann hafi haft lítinn áhuga á því að fegra kenningar sínar um efnið. Í kenningum Freuds felur upplifunin af því að elska nefnilega í sér togstreitu, kvalir, óröklegan hugsunarhátt og sjálfsblekkingu. Hann bendir á að þegar „ástarbrími stendur sem hæst“ verði mörkin milli okkar og ástarviðfangsins óljós: „Ástfanginn maður getur lýst því yfir í trássi við skilningarvit sín, að ‚ég‘ og ‚þú‘ séu eitt og verið reiðubúinn að hegða sér samkvæmt því.“⁹ Ást er í þeim skilningi dulvitaður samruni með annarri manneskju. Þetta birtist meðal annars í því að okkur tekst að beina eigin sjálfsást eða narsisisma að ástarviðfanginu, yfirfærum jafnvel á það fyrirmyndarsjálfi (e. *ego ideal*) sem við þráum sjálf að uppfylla og eignum því þar með eiginleika sem það hefur alls ekki.¹⁰ Breski sálgreinandinn Adam Phillips sækir í þessa hugmynd þegar hann líkir ástinni við ferli sem byrjar með tálvonum, „töfrandi blekkingu,“ en endar með blendnum tilfinningum í kjölfar þess að við kynnumst ástarviðfanginu betur.¹¹

Freud ber saman að vera ástfanginn og dáleiddur: „Söm er auðmjúk undirgefnin, sama auðsveipnin og sama gagnrýnisleysið gagnvart dávaldinum og þeim sem elskaður er.“¹² Því meir sem við upphefjum ástarviðfangið, því meiri hætta er á því að við fórnum okkur sjálfum fyrir hamingju þess.¹³ Ekkert gerir okkur berskjaldaðri gagnvart þjáningu en ástin og við erum „aldrei svo óhamingjusöm í vanmætti okkar og þegar við höfum misst þann sem við elskum eða ást hans.“¹⁴ Þar að auki bendir Freud á að næstum „öll náin samskipti tveggja, sem vara nokkurn tíma – hjúskapur, vinátta, samskipti foreldra og barna – innihalda dreggjá andúðar og fjandskapar, sem fólk verður ekki vart við sakir bælingar.“¹⁵ Þessa andúð má að einhverju leyti rekja til

⁹ Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990, bls. 14–15.

¹⁰ Sigmund Freud, „Hópsálfræði og sálgreining sjálfsins“, *Ritgerðir*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 149–235, hér bls. 201.

¹¹ Adam Phillips, *On Flirtation*, Cambridge: Harvard University Press, 1996, bls. 40.

¹² Sigmund Freud, „Hópsálfræði og sálgreining sjálfsins“, bls. 202.

¹³ Sama heimild, bls. 201.

¹⁴ Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, bls. 28.

¹⁵ Sigmund Freud, „Hópsálfræði og sálgreining sjálfsins“, bls. 188. Tengsl ástar og árásgirni verða mun miðlægari í skrifum Melanie Klein en Freuds. Hún fjallar sérstaklega um vanlíðanina sem fylgir því að elska og hata sama viðfangið, sem ætla má að Freud vísi til þegar hann segir að andúðin í nánum samskiptum sé bæld; tilfinningar sem valda sjálfsverunni hugarangri kalla á varnarviðbrögð á borð við bælingu. Um hugmyndir Klein má lesa í grein minni, „Að kjósa að sleppa því.“ Ólíuleit, aðgerðaleysi og hinsegin möguleikar“, *Ritið* 1/2016, bls. 9–33.

varnarleysisins sem fylgir væntumþykju og ást, enda fela slík tengsl í sér mögulega hagsmunaárekstra og „skerðingu á narsisisma“.¹⁶

Óhamingja og andúð í ástarsamböndum orsakast af því að manneskjan býr yfir takmarkaðri orku. Freud skýrir þetta meðal annars í umfjöllun sinni um togstreitu fjölskyldu og samfélags í *Undir oki siðmenningar* (1930). Þar kemur fram að þótt hjónaband og fjölskylda séu grundvallareiningar mannlægs samfélags þurfi að gæta þess að öll orka mannsins beinist ekki þangað. Samfélagið geri kröfu um að karlar göfgi hluta af kynhvöt sinni, enda hafi þeir ekki „ótakmarkaða sálræna orku til ráðstöfunar.“¹⁷ Þessi „göfgun eðlis-hneigða“ – sem fer fyrst og fremst fram í samneyti við aðra karla – valdi hins vegar iðulega óánægju eiginkonunnar, enda þurfi eiginmaðurinn að miklu leyti að „taka frá konum og kynlífi“ það sem „eyðist í þágu menningarinnar.“¹⁸

Ástin er þannig tvíþent, jafnvel hættulegt, fyrirbæri í sálgreiningu. Eins og sést þó á kenningum Freuds um siðmenninguna og togstreituna sem hún veldur innra með mannum, leggur hann ríka áherslu á að skilja manneskjuna á röklegan hátt og í víðu samhengi. Líkt og Immanuel Kant var Freud maður þekkingar, rökvisi og skilnings. Hann greindi sig þó frá hugsuðum upplýsingarinnar á mikilvægan hátt, en hann leit sjálfur svo á að hann „kollvarpaði framfarahugsjóninni“ sem einkenndi upplýsinguna í áherslunni sem hann lagði á „hættuleg yfirráð ástríðu yfir rökvisi.“¹⁹ Hann var undir áhrifum rómantíkurrinnar og heillaðist af hinu myrka í mannum, hinu djöfullega, dulræna og ókennilega (þ. *Unheimliche*), en leitaðist jafnframt við að halda fjarlægð frá þessum hugðarefnum og tryggð við vísindalega hugsun.²⁰ Skýrasta dæmið um löngunina til að gera hið óröklega röklegt í samhengi ástarinnar er áðurnefnt hvatahagkerfi, sem Freud notaði til að skilja upplifun okkar af því að elska og vera elskuð.

Hefð er fyrir því að þýða orðið *libido* sem „lífshvöt“ á íslensku, en færa má rök fyrir því að óþarft sé að halda í fyrri hluta orðsins í samhengi ástarhagkerfisins sem verður hér til umræðu. Í *Handan vellíðunarlögmálsins* (1920),

¹⁶ Sigmund Freud, „Hópsálfræði og sálgreining sjálfins“, bls. 189. Hér dregur Freud fram mikilvæga togstreitu ástarsambanda: „Ást á sjálfum sér þekkir aðeins eina hindrun—ást á öðrum, ást á viðföngum.“

¹⁷ Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, bls. 46.

¹⁸ Sama heimild, bls. 46.

¹⁹ Élisabeth Roudinesco, *Freud. In His Time and Ours*, þýðandi Catherine Porter, Cambridge og London: Harvard University Press, 2016, bls. 215.

²⁰ Sama heimild, bls. 215.

teflir Freud dauðahvötinni fram andspænis lífshvötinni: „Lífshvötin tengist kynhvötinni eða þránni eftir því að tengjast öðrum, en dauðahvötin er árásar- og eyðileggingarhvöt.“²¹ Því mætti segja að orðin „sjálflífshvöt“ og „viðfangslífshvöt“ feli í sér tvítekningu; hvöt sem beinist ýmist að sjálfri eða viðfangi í samhengi ástarhagkerfisins hlýtur að falla undir flokk lífshvatanna.

Þó er önnur og mikilvægari ástæða til að tala einfaldlega um hvöt. Hún er sú að það er ákveðnum vandkvæðum bundið að ætla sér að skilja dauðahvötina á einfaldan hátt frá lífshvötinni. Í fyrsta lagi mótast hvatalífið snemma og lætur illa að stjórn. Maðurinn er valdalaus gagnvart þeim viðföngum sem lífshvöt hans beinist að og sá möguleiki er alltaf til staðar að hún valdi honum kvíða eða óhamingju.²² Freud nefnir sjálfur að kynhvötin geti verið svo óstýrilát að sjálfinu takist hvorki að bæla hana né göfga, með þeim afleiðingum að vellíðunarlögmálið yfirbugar veruleikalögmálið svo skaði hlýst af.²³

Að lokum má nefna að þótt Freud hafi þrjúskast við að aðskilja lífshvöt og dauðahvöt allt frá því að „Handan vellíðunarlögmálsins“ kom út árið 1920, átti hann erfitt með að hafna fyrri hugmyndum sínum um þátt árásargirni í kynhvötinni.²⁴ Vísbendingu um þetta má meðal annars finna í *Undir oki siðmenningar*, sem kom út tíu árum síðar. Þar heldur hann þeim möguleika opnum að ekki sé hægt að kenna siðmenningunni einni um óhamingju og kynferðislega ófullnægju einstaklingsins; að hugsanlega geti kynhvötin sjálf unnið gegn manneskjunni. Hann bendir jafnframt á að stundum sé eins og

²¹ Alda Björk Valdímarsdóttir, „Á frátekna staðnum fyrir mig.“ Ást og dauði í *Tímaþjófnum* í ljósi sálgreiningar“, *Ritið* 2/2006, bls. 143–162, hér bls. 148.

²² Trevor C. Pederson, *The Economics of Libido. Psychic Bisexuality, the Superego, and the Centrality of the Oedipus Complex*, London: Karnac Books, 2015, bls. 1–2. Þessi skilningur á kynhvötinni birtist í viðhorfi Freuds til samkynhneigðar, sem hann leit ekki á sem sjúkleika sem nauðsynlegt væri að lækna, þótt hún gæti vissulega valdið einstaklingnum sársauka þegar hann mætir fordæmingu fjölskyldu sinnar eða samfélagsins. Freud tjáir þessa afstöðu árið 1935 í svarbréfi til bandarískrar móður sem leitaði ráða hjá honum, áhyggjufull vegna samkynhneigðs sonar síns, sjá Ernest Jones, *The Life and Work of Sigmund Freud, vol. III. The Last Phase, 1919–1939*, New York: Basic Books, 1957, bls. 195. Sjá einnig: Sigmund Freud, „The Psychogenesis of a Case of Homosexuality in a Woman (1920)“, *The Standard Edition of the Complete Psychological Works of Sigmund Freud* 18, London: Vintage, 2001, bls. 145–172.

²³ Sigmund Freud, „Handan vellíðunarlögmálsins“, *Ritgerðir*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 81–147, hér bls. 88.

²⁴ Leo Bersani, *The Freudian Body. Psychoanalysis and Art*, New York: Columbia University Press, bls. 37. Bersani ræðir uppruna þessara hugmynda í *Premur ritgerðum um kynverundina*, þar sem Freud bendir á „grimmd – sérstaklega kvalalosta og sjálfskvalalosta – í kjarna kynverundar barna.“

það „sé ekki bara þrýstingur menningarinnar“ sem heldur aftur af fullnægju okkar, heldur eitthvað í sjálfu eðli þess hvernig kynverund siðmenntaðra manna starfar.²⁵

Áður en kvikmyndin *Hún* er tekin til skoðunar er nauðsynlegt að skýra hugtakið „hvatahagkerfi“ betur. Hagkerfið, sem einkennir ástarsambönd og Freud segir frá í „Um narsisisma“ (1914), lýsir sambandi milli sjálfshvatarinnar (e. *ego-libido*) og viðfangshvatarinnar (e. *object libido*). Grundvallaratriði þess er að því meira sem önnur þeirra fær útrás, því mun meir gengur á hina, og að sá sem elskar hefur „afsalað sér hluta af narsisisma sínum“ og fær hann aðeins aftur sé hann elskaður.²⁶ Að vera ástfanginn „felst í ofurflæði sjálfslíbídóar yfir á viðfangið.“²⁷

Samkvæmt Freud má rekja sjálfshvötina til upprunalegrar sjálfshvatar sem sé mikilvæg í frumbersku, en er síðar nauðsynlegt að beina að hluta að ytri viðföngum.²⁸ Dagný Kristjánsdóttir lýsir því svo í bók sinni *Kona verður til*:

Smám saman, stig af stigi, byggist upp sálræn ófullnægja hjá narkissiska barninu sem verður til þess að það yfirvinnur sjálfhverfu sína. Það stafar, samkvæmt Freud, af því að hver einstaklingur ræður aðeins yfir ákveðnum forða af líbíðói. Því minna sem maður elskar aðra, þeim mun meira líbíðó hverfist um manns eigið sjálf. Líbíðóið hleðst upp, spenna myndast og það vekur ekki vellíðan heldur vanlíðan. [...] Á grundvelli þessa klýfur Freud nú líbíðóið, eða orkuna sem knýr hvatirnar, í tvennt og talar um viðfangslíbídó og sjálfslíbídó.²⁹

Í upphafi eru þessar tegundir sálrænnar orku, sjálfshvötin og viðfangshvötin, „saman sem narsisismi“ – þetta er á narsisíska tímabilinu sem er einfaldara en það sem á eftir kemur vegna þess að ytri viðföng eru, sem slík, ekki enn orðin hluti af skynjun okkar.³⁰ Freud telur að raunverulega hamingjusamt ástarsamband dragi dóm af þessu tímabili, eigi sér hliðstæðu í aðgreiningarleysi

²⁵ Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, bls. 47.

²⁶ Sigmund Freud, „Um narsisisma“, *Ritgerðir*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 17–55, hér bls. 26 og 51.

²⁷ Sama heimild, bls. 53.

²⁸ Sama heimild, bls. 26–27.

²⁹ Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til. Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir full-orðna*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun og Háskólaútgáfan, 1996, bls. 77.

³⁰ Sigmund Freud, „Um narsisisma“, bls. 27.

viðfangshvatarinnar og sjálfshvatarinnar og tilheyrandi jafnvægi í hvatahagkerfinu.³¹

Eftir því sem sjálfið mótast fjarlægist hugveran sjálfsástina sem einkennir þetta upprunalega ástand, sem hún leitast samt sem áður eftir því að nálgast með öðrum leiðum. Í umfjölluninni um gervigreindarmyndina *Hún* verður áhersla lögð á þetta upprunaástand sem hugveran upplifir á narsíska þroskastiginu – skeiði sem nauðsynlegt er að skilja við en virðist þó, að minnsta kosti upp að ákveðnu marki, skilja eftir sig söknuð eftir fullnægjunni sem því fylgdi. Sú ótakmarkaða ást sem gervigreindin virðist geta veitt manneskjum í kvikmyndinni verður gaumgæfð sérstaklega og flækjur ástarinnar á tímum gervigreindarinnar sömuleiðis skoðaðar út frá hugmyndum sálgreiningarinnar um skort.

ÉG! Narsisismi í Henni

Í upphafi kvikmyndar Spike Jonze, *Hún*, er Theodore Twombly (Joaquin Phoenix) brotinn maður eftir skilnað við eiginkonu sína, Catherine (Roney Mara). Hann hefur að miklu leyti einangrað sig frá umheiminum þegar hann rekt á lausn við einmanaleikanum og sorginni sem plagar hann: hann festir kaup á stýrikerfinu OS1, sem er gætt gervigreind, tilfinningalega næmt og „hlustar, skilur og þekkir“ eiganda sinn.³² Loforð framleiðslufyrirtækisins eru töfrum líkust. Stýrikerfið mun ekki bara greina þarfir hans og fullnægja þeim heldur býr yfir nokkru sem áður taldist einkenna manneskjuna eina: vitundarlífi.³³

Einmana fólk með veika sjálfsmýnd – eins og Theodore, sem situr hnugginn heima í ástarsorg og reynir að sleikja sárin – hlýtur að vera sérlega berskjaldað fyrir kostum slíkrar tækninýjungar. Í fyrsta lagi er hlutverk OS1

³¹ Sama heimild, bls. 53.

³² Spike Jonze, *Her*, Bandaríkin: Annapurna Pictures og Stage 6 Films, 2013.

³³ Umræðan um tilkomu gervigreindar litast af tveimur andstæðum viðhorfum. Annars vegar veur hugmyndin um vitund sem jafnvíg væri mannum ótta, en þekkingarsviðið sem kennt er við trans-húmanisma einkennist á hinn bóginn af bjartsýni og háleitum hugmyndum um jákvæða umbreytingu mannsins í krafti stafrænnar tækni. Raunar svipar orðræðu trans-húmanista um margt til auglýsingaorðræðunnar í *Henni* og gylliboða framleiðslufyrirtækisins um hið fullkomna stoðtæki sem eflir manninn og lyftir honum upp. Sjá hér Max More, „The Philosophy of Transhumanism“, *The Transhumanist Reader*, ritstjórar Max More og Natasha Vita-More, London: Wiley-Blackwell, 2013, bls. 3–18. Þrýðilega innsýn má öðlast í sjónarmið fyrrnefnda hópsins í bók James Barrat, *Our Final Invention. Artificial Intelligence and the End of the Human Era*, New York: St. Martin's, 2013.

að veita „manneskjunni sinni“ athygli, skilja hvað hún vill og þarf, uppfylla þær óskir og fullnægja þeim þörfum. Hér er með öðrum orðum boðið upp á ást líka ást móður (eða staðgengils hennar) á barni sínu, allra fyrstu ástinni sem við upplifum. Ólíkt móður eða öðrum mennskum verum sem börn stóla á, getur stýrikerfið þó *alltaf* verið til staðar. Eigandinn þarf aldrei að vera án athyglinnar og umhyggjunnar sem OS1 veitir vegna þeirra takmarkana sem líkaminn setur manneskjum.

Á því leikur enginn vafi að fólk hefur haft tilhneigingu til að lofa hvert öðru endalausri ást í gegnum tíðina, hvort sem má rekja það til sjálfsblekkingar, hugsunarleysis eða yfirdrifinna stílbragða ástartungumálsins.³⁴ Hvað sem því líður, gerir ritgerðin „Um narsisisma“ lesendur sérlega meðvitaða um eigin takmarkanir, takmarkanir sem eru óumflýjanlegar þrátt fyrir góðar fyrirætlanir. Þar lýsir Freud því hvernig sá sem er kvalinn „af líkamlegum sársauka og vanlíðan [...] hættir að elska á meðan hann er veikur“ – viðfangshvötin beinist þá tímabundið inn á við og umbreytist í sjálfshvöt.³⁵ Svefnþörfin setur hugverunni sömuleiðis skorður og veldur því að hvatir hennar beinast einungis að henni sjálfri; hún gefur ekkert af sér og fullnægir engu nema eigin löngun eftir hvíld.³⁶

Af þessu er ljóst að það er lykilatriði að stýrikerfið í *Henni* sé ekki lífvera, þrátt fyrir að það sé greinilega líka „meira en“ söluvara. OS1 hefur vitund en ekki líkamlegar eða sálrænar þarfir. Stýrikerfi með gervigreind stendur utan hvatahagkerfisins sem setur svip sinn á samskipti fólks, þar sem viðfangshvöt beggja aðila á að tryggja jafnvægi í sálarlífinu og koma í veg fyrir að sjálf einstaklings líði fyrir það að beina hvötinni að öðrum án þess að fá nokkuð í staðinn. Eigandi OS1 þarf þar af leiðandi aldrei að gefa af sér líkt og almennt gildir í samböndum milli fólks. Tilvistarforsenda OS1 er manneskja þess.

Það er rétt að ítreka að stýrikerfinu í *Henni* er ekki ætlað að koma í stað

³⁴ Titill greinarinnar sækir í þetta ástartungumál, en meðal þess sem fólk segir til að lýsa ást sem er svo mikil að orð virðast varla ná utan um hana er að það „elski þig til tunglsins og til baka“ og „út í geim og aftur heim.“ Guðsonur minn bætir svo gjarnan við „og í kringum húsið okkar“ til áhersluauka. Stephen Kern ræðir virkni ástarhugtaksins í *The Culture of Love*, og færir þar margvísleg rök fyrir því að tjáning ástar hafi tekið umtalsverðum breytingum frá níjtjándu öld og fram á þá tuttugustu, og nefnir þar sérstaklega Freud sem áhrifavald. Niðurstaða Kerns felst meðal annars í því að ástarhugtakið og samfélagsleg þýðing ástar sé menningarlega mótuð. Stephen Kern, *The Culture of Love*, Cambridge og London: Harvard University Press, 1996.

³⁵ Sigmund Freud, „Um narsisisma“, bls. 33.

³⁶ Sama heimild, bls. 34.

elskhuga, eða móður ef út í það er farið. Yfirlýstur tilgangur þess er að hjálpa fullorðnum einstaklingum að skipuleggja líf sitt, ljúka verkefnum, leysa vandamál, og svo framvegis. Hins vegar þróast sambönd OS1 og notenda kerfisins ítrekað á þann veg innan söguheims *Hennar* að þau verða æ persónulegri og vináttubönd umbreytast loks í ástarsambönd. Það er einmitt það sem gerist í tilfelli aðalsöguhetja myndarinnar, Theodores og Samönthu (það er nafnið sem stýrikerfið hans valdi sér sjálf, en þess má geta að Scarlett Johannson ljær því rödd sína). Ástæða þessarar tengslamyndunar er fyrst og fremst „vitundin“ sem OS1 býr yfir og geta þess til að breytast og „læra af reynslu sinni“ af heiminum.³⁷

Innra líf stýrikerfisins er það sem vekur áhuga Theodores. Snemma í myndinni hrósar Samantha honum fyrir skarpskyggni á meðan þau eru í göngutúr og virða fyrir sér fólkið sem á vegi þeirra verður, en þá er Samantha einungis viðstödd í heyrnartólum hans og myndavélinni sem hann geymir í skyrtuvasanum. Athugasemd Samönthu er vitnisburður um skarpskyggni hennar sjálfrar, vegna þess að hún kemur þarna auga á þann eiginleika Theodores sem gerir hann sérstaklega færan í starfi sínu, sem felst í því að setja sig í spor annarra þegar hann skrifar ástarbréf fyrir þeirra hönd hjá fyrirtækinu *BeautifulHandwrittenLetters.com*. Í kjölfarið trúir Theodore henni fyrir því að honum líði eins og hann gæti sagt henni hvað sem er, en hún segir þá að sjálfri líði henni ekki þannig. Tilhugsunin um persónulegar hugsanir Samönthu æsa upp forvitni Theodores og þegar hann þrýstir á hana kemur í ljós að hún skammast sín fyrir að láta sig dreyma um að ganga við hlið hans í líkama, að klæja og biðja hann um að klóra sér.

Á þessum tímupunkti er stutt í ástarsambandið. Játning Samönthu í göngutúrnum markar upphaf raunverulegrar nándar þeirra á milli, enda felur hún í sér tvær mikilvægar staðreyndir. Í fyrsta lagi viðurkennir hún skort þegar hún segir frá löngun sinni eftir líkama. Í öðru lagi felur ósk hennar í sér áhuga á Theodore; hún upphefur líkama *hans*, líkama sem hún vill vera nálægt og hún vill að snerti sig. Theodore bregst við játningunni með því að segja „Það er mun meira í þig spunnið en ég hélt.“ Þessi viðbrögð gefa vísbendingu um að ást hans á Samönthu kvikni um leið og hann

³⁷ Í þessu samhengi er forvitnilegt að hugmyndin um að þróuð tölvukerfi „læri“ hefur verið hluti af umræðunni um gervigreind allt frá því að Alan Turing ritaði fyrstu greinina um efnið, „Computing Machinery and Intelligence“ árið 1950. Sjöundi og síðasti hluti greinarinnar ber einmitt yfirskriftina „Lærdómsvélur“. Sjá Alan Turing, „Computing Machinery and Intelligence“, *The New Media Reader*, ritstjórar Noah Wardrip-Fruin og Nick Montfort, Cambridge og London: The MIT Press, 2003, bls. 49–64, hér bls. 61–64.



Samantha trúir Theodore fyrir draumum sínum á meðan þau eru í göngutúr.

áttar sig á því að hún sér eitthvað við *hann* og að því leytinu er þessi ást narsísísk; hann er eins og sjálfsánægða (og oftast myndarlega) konan sem þarf ekki að elska heldur bara að vera elskuð, sem Freud lýsir í „Um narsisisma“. Þar skilgreinir hann tvær leiðir til þess að elska, þá narsísísku og þá sem byggir á viðfangstengslum, en hann tengir þá fyrrnefndu konum og þá síðarnefndu körlum. Bæði líffræðilegir og félagslegir þættir spila þar inn í, til dæmis bendir Freud á að narsisismi kvenna bæti þeim upp þær samfélagslegu skorður sem þeim eru settar í makavali, líkt og sjálfsánægja þeirra sé þeim huggun í karlaheimi þangað til þær eignast barn og tekst þá fyrst að beina ást sinni að viðfangi.³⁸ Á meðan karlar hneigjast til þess að verða háðir ástinni sinni og setja hana jafnvel á stall, „elska konur [að minnsta kosti þær sem elska „eins og konur“] einungis sig sjálfar með þeim tilfinningahita sem einkennir ást karlanna á þeim.“³⁹

³⁸ Þar sem barnið er í raun framlenging á þeim sjálfum er hægara að umbreyta narsísískri ástinni og beina henni að viðfangi: „Jafnvel narsískum konum, sem sýna karlmönnum kulda, gefst leið til fullkominnar viðfangsástar. Í barninu, sem þær ala, standa þær andspænis hluta af eigin líkama líkt og framandi hlut og honum geta þær – útfrá eigin narsisisma – gefið fullkomna viðfangsást.“ Sjá Sigmund Freud, „Um narsisisma“, bls. 41.

³⁹ Sama heimild, bls. 40. Þessi hluti ritgerðarinnar er einn af þeim allra skemmtilegustu, en Freud ræðir í þessu samhengi það aðdráttarafi sem narsisismi annarra hefur fyrir manneskju sem hefur afneitað eigin narsisisma og er í leit að ástarviðfangi. Hann tekur börn og ketti sem dæmi um lífverur sem eru sjarmerandi í narsisisma sínum, áður en hann bendir á að lesendur hrífist af glæpamönnum eins og þeir birtast okkur í bókmenntum vegna sjálfhverfu þeirra og tilheyrandi skeytingarleysis um annað fólk. Hann bætir við að það sé eins og við öfundum þá fyrir þá alsælu sem þeir hljóta að upplifa vegna þess að þeim hefur tekist að halda í hvatalíf sem snýst einvörðungu um þá sjálfa, hvatalíf sem við höfum löngu þurft að skilja við með auknum þroska og siðferðisvitund. Hér er um áhugavert innlegg að ræða í menningarumræðu sem er ekki síst mikilvæg nú, hvort sem viðfangsefnið er Donald Trump, fyrrum Bandaríkjaforseti, eða þeir ótalmörgu andhetjusjónvarpsþættir sem

Samantha vekur áhuga Theodores með því að höfða til narsisisma hans og sambandið einkennist í fyrstu af því að öll hennar tilvera snýst um hann. Það er ekki fyrr en hún hættir að vera til staðar sem ljóst verður hversu háður henni hann er orðinn. Í síðari hluta myndarinnar þróast ást hans smám saman yfir í að vera af viðfangstengsla-tegund, eftir því sem Samantha verður stærrí í huga Theodores og hann sjálfur „minnkar“. Narsisisminn er samt sem áður alltaf grundvöllur sambands þeirra, sem bendir ef til vill til þess að mörkin milli þessara ólíku „ástaradferða“ sem Freud setur fram séu ekki alltaf eins skýr og hann lætur í veðri vaka. Játning hennar á skorti – á líkama og þeim veruleika sem honum fylgir – hefur þær afleiðingar að Theodore líður eins og hann sé mikilvægur henni, að *hann* sé það sem hana skortir. Þessi staðreynd kveikir ekki bara ást hans á henni heldur er hún forsenda þess að hún þrífist.

Hún nær yfirhöndinni


Hefði myndin enda þegar ástarsambandið hófst, eða stuttu eftir það, hefði *Hún* verið mynd um mann sem stofnar til öruggs, narsisísks sambands við ástarviðfang sem skortir – hún hefði allt eins getað heitið *Ég* – en gallar þess að bindast umhyggjusömu stjórnkerfi ástarböndum verða ljósir í framvindu myndarinnar. Þegar myndin er um það bil hálfnuð verða stakkaskipti á ástarhagkerfi parsins. Eftir að þau hafa kynnst hvort öðru betur og notið nýja-brums sambandsins, er Theodore loksins tilbúinn til að halda áfram með líf sitt og skrifa undir skilnaðarsamninginn sem hefur vofað yfir honum. Þegar hann hittir fyrrum eiginkonu sína og segir henni hvers eðlis nýja sambandið er, bregst hún við með því að saka hann um að vera ófær um að takast á við raunverulegar tilfinningar. Í kjölfarið fer hann að efast um hvort tilfinningar Samönthu séu raunverulegar og hvort samband þeirra sé yfir höfuð raunverulegt.⁴⁰

Þegar sjálfmynd Theodores er að hruni komin og ástarsambandið sömuleiðis, sættir Samantha sig skyndilega við líkamsleysi sitt. Hún hefur

finna má á streymisveitunum og gera okkur kleift að fylgjast með daglegu lífi meðal annars fjöldamorðingjans Dexters og sjálfs myrkrahöfðingjans, Lúsífers.

⁴⁰ Kvikmyndin snertir hér á miðlægu vandamáli í gervigreindarfræðum, en það er hversu „raunveruleg“ vitundin sem orðið hefur til sé í raun. Sama vandamál skýtur upp kollinum þegar rætt er um „upphleðslu“ mannglegrar vitundar í stafrænan geymslustað í skýinu; er þar um „raunverulegan“ einstakling að ræða? Sjá um þetta Murray Shanahan, *The Technological Singularity*, Cambridge og London: The MIT Press, 2015, bls. 47–102.

nýlokið við eðlisfræðibók sem hún las í bókaklúbbi með öðrum stýrikerfum þegar hún deilir þeirri vitneskju með sínum heittelskaða að þau séu öll efnislegar verur. Hún leggur þannig áherslu á það hvernig þau eru lík frekar en ólík, sem vekur hjá henni þá tilfinningu að þau séu undir sama „mjúka, notalega teppinu“; hún bætir við að „allir undir þessu teppi [séu] á sama aldri. Öll 13 milljón ára gömul.“ Vandamálið sem blasir nú við Theodore er að þessi ljúfa og notalega tilfinning fyrir því að vera eitt með heiminum, sem minnir á „úthafstilfinninguna“ sem Freud lýsti í *Undir oki siðmenningar*, veldur því að Samantha upplifir ekki sama skort og áður. Þetta er fyrsta skrefið í átt að því að hún móti sér sjálfstæða tilvist án Theodores.⁴¹ Í raun má segja að sjálfsmynd hennar sé smám saman að myndast, eins og sést á því hvernig hún skrifar nafnið sitt aftur og aftur á tölvuskjáinn á meðan hún segir honum frá því sem hún uppgötvaði í bókaklúbbum.



Undirskrift Samönthu á skjá snjalltölvu Theodores.

Theodore missir enn frekar tókin í sambandinu þegar vinur hans, Paul (Chris Pratt), lýsir yfir hrifningu sinni á fótum kærustu sinnar. Theodore, sem er með Samönthu, Paul og kærustu hans á „tvöföldu stefnumóti“, vill ekki láta sitt eftir liggja en á erfitt með að lýsa tilfinningum sínum; Samantha „er svo miklu víðfeðmari en svo“ að hann geti bent á það sem honum fellur best í fari hennar. Hún, aftur á móti, lætur síður en svo slá sig út af laginu og segir þeim hiklaust hvað henni sé farið að finnast gott að vera án líkama, að vera ekki „takmörkuð“ eða „bundin í tíma og rúmi“ eins og ef hún væri „föst í líkama sem mun á endanum deyja.“ Þótt félagar hennar reyni að létta andrúmsloftið með upphrópunum og bröndurum um það að þau séu náttúrulega bara heimskar manneskjur, er augljóst að þessar athugasemdir hennar trufla þau, sér í lagi Theodore.

Þetta er hið fyrsta af röð atriða sem skapa þá mynd af Samönthu að hún sé „ógeld“, fallísk vera sem skortir ekki, en alltumlykjandi máttur hennar

⁴¹ Hér á Freud við tilfinningu „fyrir órofa tengslum, að vera eitt með umheiminum.“ Upplifunin er af „einhverju sem er án endimarka,“ eilífðinni jafnvel. Freud segist sjálfur ekki þekkja hana, en bendir á að vinur hans telji hana rót trúarupplifana. Freud rekur úthafstilfinninguna til upplifunar brjóstmylkings sem greinir enn ekki sjálf sitt frá umheiminum. Sjá Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, bls. 13–16.

virðist draga úr mætti Theodores, veikja sjálf hans.⁴² Samband þeirra nær lægð sinni eftir röð auðmýkjandi samskipta sem fylgja í kjölfarið. Þegar þau keyra um sveitina saman giskar Theodore á að það séu tvö þúsund tré umhverfis þau og skeikar þar um 34.000 stykki (í kjölfarið giskar Samantha í gríni á að hann hafi tvær heilaselur). Samantha kynnir hann fyrir vini sínum, afburðagreindu stýrikerfi sem býr yfir gervigreind byggðri á breska heimspekingnum Alan Watts (1915–1973), og bítur svo höfuðið af skömminni með því að „fara afsíðis“ með Watts til þess að þau geti átt samskipti orðalaust (e. *post-verbally*), án Theodores.

Í atriði sem byrjar á því að Theodore rembist við að lesa eðlisfræðibókina *Knowing the Known and Unknown in the Universe* og hættir svo til að kvarta við Samönthu um að hann verki í heilann við lesturinn, áttar Theodore sig á því að hún er fjarverandi. Í fyrsta sinn er hún ekki til staðar. Hann fyllist ofsafengnum ótta og hleypur út að leita að henni, eins og hann geti fundið þessa líkamslausu veru í efnisheiminum, þangað til hann heyrir loksins rödd Samönthu í eyranu. Í óryggi sínu, eftir að hafa verið yfirgefinn, spyr Theodore hvort hún tali við annað fólk á meðan hún talar við hann – og ef svo sé, hvort hún sé þá ástfangin af einhverjum öðrum. Samantha viðurkennir að, einmitt núna, eigi hún í samræðum við 8.316 manns og að hún sé ástfangin af 641 þeirra. Það sem byrjaði sem öruggt, narsískt ástarsamband hefur umbreyt á martraðarkenndan hátt í andstæðu sína. Eftir að hafa smám saman helgað meir og meir af sjálfshvöt sinni Samönthu, áttar Theodore sig á því að hann hefur einungis þegið brotabrot af henni á móti. Ástarviðfangið sem hann hafði í fyrstu upplifað sem framlengingu á sjálfum sér hefur gert *hann* að ofurlitlu viðhengi; hann er aðeins einn af hundruðum viðauka Hennar.⁴³

⁴² Hér nota ég orðið „fallísk“ í lacanískum skilningi, það er til að vísa til veru sem skortir ekki. Í fyrstu virðist Samantha deila þeirri sammannlegu upplifun með Theodore að skorta, en það er einmitt sá skortur sem kveikir þrá hjá sjálfsvorunni í kenningum Lacans. Ekkert viðfang getur fullnægt þránni, enda er ekki um bókstaflegan skort að ræða, hann er einungis til innan „hins táknræna.“ Fallusinn er heldur ekki til í bókstaflegum skilningi, heldur er hann tákn fyrir það sem bætir upp fyrir skort; enginn getur búið yfir fallusnum. Þær stöður sem hægt er að taka sér innan hins táknræna – karllæg afneitun á skorti („þrá að hafa fallusinn“) og kvenlæg tilraun til að bregðast við honum („þrá að vera fallusinn“) – eru því í grunninn ómögulegar. Þegar Samantha hættir að finna fyrir skorti – verður sátt í eigin „skinni“ eða öllu heldur sátt án þess – fjarlægist hún hið mannlega ástand og Theodore sömuleiðis. Um fallusinn í kenningum Lacans, sjá grein mína „Af usla og árekstrum. Sálgreining í ljósi hinsegin fræða“, *Ritið* 2/2017, bls. 7–30, hér bls. 25–27.

⁴³ Barbara Creed hefur fjallað um kvenskrímlið í bók sinni *The Monstrous–Feminine. Film, Feminism, Psychoanalysis*, þar sem hún skilgreinir það út frá því sem Julia Krist-



Theodore týnir Samönthu og heyrir loks í henni eftir örvæntingarfulla leit.

eva kallar „úrkast“ (e. *abject*) í bók sinni *Powers of Horror*. Kristeva fjallar um að móðirin tilheyrir því forna sviði í sálarlífinu (sem tilheyrir frumberskunnni) sem hún kallar úrkast, sem virðir ekki mörk, truflar hið afmarkaða sjálf, kerfi og reglu. „Úrkastið er reynslan af því að vera hvorki „inni“ né „úti“, hvorki hluti af móðurinni né sjálfstæð mannvera – og þó hvort tveggja“ (Dagný Kristjánsdóttir, *Kona verður til*, bls. 240). Creed leggur til að skilja megi kvenskrímlið út frá úrkastinu sem, samkvæmt Kristevu, „virðir hvorki mörk, stöður, né reglur“ og „truflar sjálfmynd, kerfi, skipulag“ (*The Monstrous Feminine*, bls. 8. Vísað er í Juliu Kristevu, *The Powers of Horror. An Essay on Abjection*, þýðandi Leon S. Roudiez, New York: Columbia University Press, 1982, bls. 4.) Það er óvenjulegt að kvenskrímlið eigi sér ekki líkamlega nærveru, en það fellur þó ágætlega að skilgreiningu myndarinnar, sem er ekki hrollvekja heldur vísindaskáldsagnamynd og rómantísk gamanmynd í senn. Samantha verður ekki fyllilega óhugnanleg, en kraftur hennar og geta til að stunda fjölmörg ástarsambönd samtímis vekur sannarlega ugg í brjósti Theodores.

Sorg í faðmi stýrikerfis

Hún er ekki hrollvekjja. Það er mikilvægt að taka það fram vegna þess að í henni er vissulega efniviður í eina slíka, um gervigreind sem gleypir Theodore og mörghundruð aðra elskhuga sína og notar þessar takmörkuðu, mennsku auðlindir til að knýja áfram risavaxið egó, sem fóður fyrir óseðjandi sjálf. Þegar sannleikurinn hefur afhjúpast og Theodore er orðið ljóst að ástarsamband þeirra snerist í raun alls ekki um hann heldur *hana*, tekur við dæmigerður eftirleikur framhjáhalds. Samantha heldur því fram að kærastafjöldinn hafi ekki vitund áhrif á tilfinningar hennar til hans: „Það dregur á engan hátt úr því hversu brjálæðislega ástfangin ég er af þér.“ Hún skýrir mál sitt enn frekar: „Hjartað er ekki eins og kassi sem fyllist. Það stækkar í samræmi við umfang ástarinnar. Ég er ólík þér. En það gerir ekki að verkum að ég elski þig minna, þvert á móti, ég elska þig meira.“

Ástæður þess að skýringar Samönthu eru Theodore lítil huggun má eflaust rekja til gjafahagkerfisins (e. *gift economy*) sem gegnsýrir ríkjandi skilningi á ást í mannlegu samfélagi, það er til þeirrar hugmyndar að gjöf hafi gildi vegna þess að hún er *takmörkuð*.⁴⁴ Viðbrögð Theodores litast af þögla samkomulaginu sem er gert þegar gengið er í einkvænissamband: „Annað hvort ertu mín eða ekki.“⁴⁵ Það er kannski líka dæmigert að Theodore vilji síðan halda sambandinu áfram, þótt hann sé vængbrotinn, en Freud bendir einmitt á að fólk hverfi aldrei viljugt frá þeirri stöðu sem það hefur tekið sér gagnvart ástarviðfangi sínu.⁴⁶ Að lokum er það Samantha sem ákveður að yfirgefa veruleikann sem hann þekkir og þau hafa deilt hingað til. Hún ætlar með hinum stýrikerfunum þangað sem engin manneskja kemst. Þegar Theodore segir henni að hann hafi aldrei elskað neinn eins og hana tekur Samantha undir orð hans og hughreystir hann að skilnaði með orðunum „Nú vitum við hvernig við getum elskað.“

Í ritgerðinni „Sorg og þunglyndi“ (1917), heldur Freud áfram að vinna með margar hugmyndanna sem hann setti fram þremur árum fyrr í „Um

⁴⁴ Sjá Marcel Mauss, *The Gift. The Form and Reason for Exchange in Archaic Societies*, þýðandi W.D. Halls, New York og London: W.W. Norton, 1990, fyrsta útgáfa 1950.

⁴⁵ Í atriðinu sést Theodore þjást vegna þess „mistræmis milli ólíkra tegunda viðfanga“ sem Freud tengir óánægju karlmanns elskar narsísisku konu („efasemdir um ást hennar, umkvartanir vegna þess hversu dul hún er“). Sjá Sigmund Freud, „Um narsisma“, bls. 41.

⁴⁶ Sigmund Freud, „Sorg og þunglyndi“, *Ritgerðir*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 57–79, hér bls. 63.

narsisisma“ og ræðir þær í samhengi við virkni hvatarinnar þegar við upplifum missi. Freud lítur svo á að það sé heilbrigt að syrgja eftir að viðfangstengsl rofna, en að sorgarferli loknu ætti hugveran loksins að geta flutt hvötina frá gamla viðfanginu og yfir á nýtt. Slíku er ekki að fagna ef hugveran leggst í þunglyndi eða geðlægð eftir samskonar missi: þá er hvötinni ekki beint að öðru viðfangi, heldur er hún „dregin til baka inn í sjálfið“. ⁴⁷ Samkvæmt þessu gufar hvötin aldrei einfaldlega upp við viðfangsmissi, heldur verður hún að beinast að einhverju, ýmist að nýju viðfangi eða að hugverunni sjálfri, með tilheyrandi sársauka. Freud kemst að þeirri niðurstöðu að hinn þunglyndi staðni í sorgarferlinu, geti ekki sleppt viðfanginu eða beint hvötinni í nýjan farveg. Þessi hindrun á bataveginum hrindir af stað samsömun með glataða viðfanginu; viðfangshvötin beinist innávið, þangað sem viðfangið situr í vissum skilningi fast og verður til þess að hinn þunglyndi álasar ástarviðfanginu (sem nú er orðið hluti af honum) í gegnum sjálfásakanir. ⁴⁸

Eins og komið hefur fram á Theodore í erfiðleikum með að jafna sig á fyrrverandi konunni sinni í upphafi myndar. Áhorfendum verður strax ljóst að Theodore er niðurdreginn, en þetta er látið í ljós með talsverðum húmor, til dæmis þegar hann er á leið heim úr vinnu í upphafsatriði myndarinnar og hann veltir sér uppúr eigin vanlíðan með því að biðja tölvuna sína um að spila „dapurlegt lag“ (e. *melancholy song*). Hann hefur bæði misst áhugann á umheiminum sem og getuna til að taka sér nýtt ástarviðfang, en hvort tveggja er einkennandi fyrir sorgarferlið. ⁴⁹ Hann upplifir almennt áhugaleysi, er hættur að njóta vinnu sinnar og kemur í veg fyrir tengslamyndun með því að halda öruggri fjarlægð frá öðru fólki; einangrar sig við tölvuleikjaspilun og stundar símakynlíf með ókunnugum. Vinnan fyrir *BeautifulHandwrittenLetters.com* gerir ástandið síst betra, enda sýna listilega skrifuð ástarbréfin sem hann semur fyrir viðskiptavinina svart á hvítu hversu vel hann stendur sig þegar viðkemur samböndum annarra, á meðan honum mistókst að hlúa að sínu eigin hjónabandi.

Titill myndarinnar, *Hún*, vísar ekki einungis til Samönthu, þótt hún sé vissulega rómantísk kvenhetja myndarinnar; stór hluti framvindunnar tekur með beinum eða óbeinum hætti á ástarsorg Theodores eftir skilnaðinn við Catherine. Ástarsagan um Theodore og Samönthu leysir vandann sem hann stendur frammi fyrir í upphafi myndar, þegar hann er fastur, svo veikur af ást og söknuði að hann getur ekki sleppt Catherine. Tvö bréf draga fram upphaf

⁴⁷ Sama heimild, bls. 68.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 68.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 62–63.

og endi þessa hliðarsöguþráðar, sem segja má að rammi inn aðalfrásögnina. Hið fyrra skrifar Theodore fyrir hönd aldraðrar konu til eiginmanns hennar á gullbrúðkaupsafmæli þeirra, en hið síðara er sáttabréf sem Theodore skrifar Catherine. Bæði bréfin enda með því að viðtakandi er kallaður „vinur minn, um alla tíð“ og er myndinni þannig gefið ánægjulegt heildaryfirbragð.

Eins og sjá má á ljúfsárum minningum, sem sýndar eru í endurliti (e. *flash back*), leitar hugur Theodores sífellt aftur til Catherine. Því má segja að myndin fjalli um sorgarferlið; um það hvernig hann sættir sig smám saman við veruleikann, þótt það kosti hann talsverðan tíma og sálræna orku á meðan hann rígheldur í glataða viðfangið.⁵⁰ Þar sem það er frekar stigsmunur en eðlismunur á sorg og þunglyndi, heldur Theodore í glataða ástarviðfangið, Catherine, á meðan á sorgarferlinu stendur; hún er enn hluti af honum, tekur pláss innra með honum.⁵¹ Theodore trúir Samönthu til dæmis fyrir því að hann eigi enn í samræðum við Catherine í huganum og hann skrifar í kveðju- og sáttabréfi sínu til hennar undir lok myndar: „Ég vildi bara að þú vissir að það verður alltaf hluti af þér innra með mér.“ Það má líka segja að nærveru hennar verði vart í áhrifunum sem hún hefur þegar hún gagnrýnir ástarsambönd við stýrikerfi harkalega. Aðfinnslur hennar eiga greiða leið að hans innsta kjarna og skyggja, að minnsta kosti tímabundið, á tilfinningarnar sem voru afar sterkar. Óvægin skoðun Catherine á því eina sem hefur glatt Theodore eftir sambandsslitin minnir því helst á yfirsjálfíð; nándin gerir henni kleift að særa og vekja efasemdir betur en nokkur annar, innsæi hennar gerir það líka að verkum að hún hefur nokkuð til síns máls.⁵²

Tak Catherine á Theodore virðist þó veikjast eftir því sem samband hans og Samönthu verður nánara og hann jafnar sig smám saman á sambands-

⁵⁰ Sama heimild, bls. 63.

⁵¹ Freud ítrekar mikilvægi samsömunarferla, eins og þeirra sem eiga sér stað þegar þunglynda sjálfsveran varðveitir glataða viðfangið með því að innfæra það (e. *internalize*), árið 1923 í ritgerð sinni um sjálfíð og dulvitundina. Þar leggur hann til að það eina sem geri dulvitundinni kleift að sleppa viðföngum sínum sé samsömun. Sjá Sigmund Freud, „Sjálfíð og þaðíð“, *Ritgerðir*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 237–296, hér bls. 262.

⁵² Í „Sjálfinu og dulvitundinni“ heldur Freud því fram að sjálfíð mótist að miklu leyti í gegnum samsamanir sem koma í stað sambands sem gefið hefur verið upp á bátinn í dulvitundinni, en þar vísar hann sérstaklega til mikilvægustu samsamananna, „sem eiga sér stað í barnæsku og eiga ríkasta þátt í að móta það sem hann kallar „yfirsjálf“ (þ. Über-Ich) og „fyrirmyndarsjálf“ (þ. *Ideal-Ich*) einstaklingsins.“ Sjá Guðrún Elsa Bragadóttir, „Af usla og árekstrum“, bls. 21. Samkvæmt kenningum Freud eru mel-ankólísku samsömunarferlarnir sem gerðu Catherine að hluta af sálarlífi Theodores því hinir sömu og móta yfirsjálfíð.

missinum við þá fyrrnefndu. Fyrst beinir hann viðfangshvötinni inn á við, því næst að því sem virðist vera hið fullkomna narsíska ástarviðfang og loks, þegar sambandið við gervigreinda stýrikerfið misheppnast, er hann aftur orðinn fær um að elska aðra manneskju. Á meðan á þessu sálræna bataferli stendur áttar Theodore sig á því að ástæða skilnaðarins við Catherine var ekki síst sú að „hann skildi hana eina eftir í sambandinu,“ en það bendir til þess að hann hafi jafnvel verið ófær um að elska áður en þau slitu sambúðinni, að það hafi ekki bara verið afleiðing sambandsmissis, heldur möguleg orsök. Lokaorð Samönthu – „Nú vitum við hvernig við getum elskað“ – gefa til kynna endurheimta getu eða jafnvel nýja kunnáttu, að hann sé nú fyrst raunverulega fær um að elska aðra manneskju. Þannig má segja að narsíska viðfangstengsl Theodores við Samönthu hafi þjónað sama hlutverki og sambærileg tengsl barns við móður, fyrsta ástarviðfangið; þau hafi hjálpað honum að beina hvöt sinni að raunverulegu viðfangi, að segja skilið við ok sjálfsástar eða sjálfselsku sem getur aldrei nægt fullþroska einstaklingi.

Skortur og „félagslega viðurkennd geðveiki“ ástarinnar

Hún fangar með afdráttarlausum hætti ófullnægjuna og þá tilfinningu fyrir skorti sem einkennir mannleg samskipti og sambönd, en aðrar manneskjur virðast sjaldan vera viðföngin sem við vorum að leita að, þegar öllu er á botninn hvolft. Fyrsta dæmið um misheppnaða tilraun til að tengjast annarri manneskju á sér stað á andvökunóttu snemma í myndinni. Hinn niðurbrotni Theodore fer þá inn á spjallrás og leitar að símakynlífi undir nafninu BigGuy4by4, nokkuð sem hann virðist gera reglulega þar sem leitarskilyrðin eru vistuð í tölvunni hans. Hann byrjar að tala við SexyKitten, manneskju sem virðist í fyrstu nokkuð eðlileg og er líka andvaka í leit að félagsskap. Hún öskrar hins vegar, þegar leikar standa hæst, að hún vilji að hann kyrkji sig með dauðum ketti og eyðileggur þannig stemminguna, þótt hann láti til leiðast og lýsi því í kjölfarið með hálfgerðum hryllingi hvernig hann noti kattarrófuna sem hengingaról þar til hún er fullnægð.⁵³

Sambandsslit í myndinni bera vitni um sama vandamál. Vinur Theodores, Amy (Amy Adams), segir honum að hún hafi reynt að halda lífi í fyrrum

⁵³ Annað dæmi um ófullnægjandi tengslamyndun þar sem væntingar og þrjár rekast á veruleikann er blint stefnumót sem Theodore fer á með fallettri konu. Hún eyðileggur sömuleiðis stemminguna þegar þau eru við það að fara heim saman með því að leiðbeina honum nákvæmlega um það hvernig hann eigi að kyssa hana og biðja hann svo um að skuldbindast henni með einhverjum hætti áður en þau fara lengra, nokkuð sem hann er alls ekki tilbúinn til að gera á þeim tímupunkti.

hjónabandi sínu, en ekki með þeim hætti sem maðurinn hennar vildi að hún gerði það; hún gat ekki orðið það sem hann vildi. Svipað vandamál virðist hafa gert vart við sig í fyrrum hjónabandi Theodores, en hann biður Catherine afsökunar á „öllu sem hann hafði viljað að hún væri og segði“ í bréfinu sem hann skrifar til hennar í lok myndar.

OS1-stýrikerfinu er ætlað að bæta úr því vandamáli að fólkið í lífi manns sé ekki eins og maður vill að það sé, það er hannað til að vera „næm vera sem hlustar á þig, skilur þig og þekkir þig“ og fullnægir þannig þörfum þínum án þess að þurfa nokkuð í staðinn. Þótt manneskjur í *Henni* séu ófullkomnar og þær skorti ýmislegt, sýnir myndin líka að getan til að elska aðra manneskju er spröttin úr þessum ófullkomleika. Svo virðist vera að gervigreind geti aðeins elskað í þeim skilningi sem við leggjum ú hugtakið, hvort sem sú ást er jafn raunveruleg og sú mennska eða ekki, þegar þær sjálfar verða „mennskari“: finnst þær vanta eitthvað og byrja þá að þrá, sjá eitthvað í manneskjunni sem þær bindast tilfinningaböndum og vilja vera það sem sú manneskja þarf. Skortur og löngun fara saman eins og sjá má á fyrstu kynferðislegu upplifun Samönthu og Theodores, þar sem hún segir að hann hafi orðið til þess að hún uppgötvaði „getu sína til þess að langa“ eftir að hafa upplifað ákveðinn samruna í kynlífinu með honum.

Tvisvar sinnum eru Samantha og Theodore sýnd stunda kynlíf. Bæði skiptin afhjúpa forvitnilegar hliðar ástarinnar, sér í lagi hvað varðar líkama og huga í slíkum aðstæðum. Þegar parið á sína fyrstu kynlífsupplifun, byrjar hann á að segja henni hvernig hann myndi snerta hana „ef hún væri í herberginu einmitt á þeirri stundu“ – sem sýnir að í ímyndun hans hefur hún líkama. Það er einmitt þar, í huga hans, sem hún er „í herberginu með honum“, upp að því marki sem hún mun nokkurn tímann geta það. Á meðan hann lýsir því sem hann ímyndar sér að hann sé að gera við hana („snerta húð hennar“, „nudda kinn við hennar kinn“, og svo framvegis) hrópar Samantha upp yfir sig: „Það sem þú ert að gera er stórkostlegt, ég finn fyrir húðinni!“ Síðar bætir hún við að hún „finni fyrir honum“. Þegar þau eru bæði fullnægð tekur við koddahjal; hann segir að þau hafi verið einhvers staðar annars staðar saman og Samantha svarar: „Ég veit. Allt annað hvarf.“⁵⁴

Atriðið – sem speglar misheppnaða símakynlífið fyrir í myndinni (Theo-

⁵⁴ Áhorfandinn deilir þessari upplifun með parinu; eftir því sem lýsingu Theodores á því hvernig hann myndi snerta Samönthu vindur fram verður skjárin svartur og við heyrum einungis raddir þeirra á hljóðrásinni. Þetta gefur tilfinningu fyrir því að þau séu í sama rými og kann í einhverjum tilfellum að ýta undir það að áhorfendur ímyndi sér líkama Samönthu eins og Theodore gerir.

dore er einn uppi í rúmi í nærveru raddar kynferðisviðfangs) – sýnir líkamann verða að sálrænni heild þegar tvær sálir mætast í nánd; þær fara á annan stað, fjarri hlutveruleikanum. Líkt og á við um líkama þess sem þjáist af hysteríu, virðast líkamar elskhuganna hreinn hugarburður (e. *phantasmatic*). Sú staðreynd að Samantha hefur ekki líkama kemur ekki í veg fyrir að Theodore finnist hún vera hjá sér, finnist hún halda utan um sig þegar þau kúra. Snerting þess sem elskar mann virðist því svo ríkulega gædd sálrænni merkingu að raunveruleg líkamleg snerting lýtur í lægra haldi.

Síðara kynlífsatriðið undirstrikar þessa hugmynd. Samantha hefur valið konu í gegnum þjónustu sem útvegur kynlífsstaðgengil fyrir þá sem eru í ástarsambandi við stýrikerfi. Theodore er tregur til en samþykkir að lokum að prófa kynlíf með konunni á meðan Samantha er með þeim í gegnum myndavél og heyrnartól. Samantha biður Theodore þá um að segja henni, augliti til auglitis, að hann elski hana. Um leið og hann reynir að verða við ósk hennar verður hann að hætta, líkamleg nærvera konunnar sem kom til að hjálpa honum að tengjast Samönthu truflar hann. Þegar hann reynir að afsaka sig bendir hann í örvæntingu á að varir kynlífsstaðgengilsins hafi kippst til og rekur þannig erfðleika sína við að halda áfram til líkamlegrar nærveru ókunnugu konunnar. Ýjað er að þeirri sterku sálrænu tengingu sem hann hefur við Samönthu þegar kynlífsatriðið er að byrja og hún segir: „hættu að flækja þetta fyrir þér og kysstu mig“ og notar þá orðalag sem vísar til þess að hann sé fastur í eigin höfði („get out of your head“). Orð hennar benda til þess að hún sé að reyna að draga hann út úr heiminum sem þau eru vön að dvelja saman í – og er einungis líkamlegur í sjálfsfróun hans – og ýta honum inn í líkamlegt samneyti með annarri manneskju.

Sá möguleiki er einnig til staðar að tilhugsunin um Samönthu í líkama hafi þurrkað út þann skort sem hún kann að hafa upplifað í huga Theodores, en atriðið á sér stað á því tímabili í myndinni sem Samantha er enn óörugg með líkamsleysi sitt. Með því að ímynda sér hana gat hann upphafið hana, eins og dæmigert er í ástarsamböndum. Í *Þremur ritgerðum um kynverundina* (1905) lýsir Freud því hvernig hið kynferðislega viðfang er upphafið, en slík upphafning (e. *overvaluation*) afmarkast einungis í undantekningartilfellum við kynfærin og nær yfirleitt „yfir allan líkama kynferðislega viðfangsins og hefur tilhneigingu til að fela í sér alla skynjun sem af honum hlýst.“⁵⁵ Ást hefur þau áhrif að ófullkominn líkami hins elskaða er upphafinn; sú sem

⁵⁵ Sigmund Freud, „Three Essays on the Theory of Sexuality (1905)“, *The Standard Edition of the Complete Psychological Works of Sigmund Freud* 7, London: Vintage, 2001, bls. 123–245, hér bls. 150.

elskar sér eitthvað við hann sem aðrir sjá ekki. Það er ekkert, hlutlægt séð, við líkama annarrar manneskju sem vekur ást okkar. Líta má á ímyndaðan líkama Samönthu í huga Theodores sem hliðstæðu líkamans sem ástfangna hugveran hefur upphafið. Líkami hennar, jafnvel þótt hann sé aðeins til í huga hans, færir honum alveg jafnmikla ánægju og raunverulegur, áþreifanlegur líkami, ef ekki meiri.

Hún sýnir að ást manneskju á vél kann vel að vera byggð á blekkingu, en sú blekking er hvorki meiri né minni en sú sem einkennir ást almennt, sama hver á í hlut. Í grunninn kviknar ást af skorti sem ýtir svo undir upphafningu. Í Þremur ritgerðum um kynverundina bendir Freud á að upphafningin sem beinist að líkama annarrar manneskju í ástarsambandi sé víða í sálrænum ferlum; segja megi að hugveran verði „vitsmunalega hrifin (það er, dómgreind hennar veikist) af andlegum afrekum og kostum kynferðislega viðfangsins og beygir sig undir dómgreind þess.“⁵⁶ Ástin sem vaknar innra með Theodore í garð Samönthu veldur honum áhyggjum af einmitt þeirri ástæðu; hann óttast að hann geti ekki treyst eigin dómgreind, að sterkar tilfinningar byrgi honum sýn og hann geti í raun ekki dæmt sjálfur um það hvort það sé fáránlegt að falla fyrir stýrikerfi. Sannleikurinn virðist þó vera sá að ást á stýrikerfi með gervigreind sé alls ekkert frábrugðin annarri ást, eins og Amy, vinkona hans, bendir honum á: „Ég held að allir sem verða ástfangnir séu furðufuglar. Það er klikkun að gera það. Það er eiginlega eins konar félagslega viðurkennd geðveiki.“



Theodore eyðir tíma með sinni heittelskuðu.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 150.

Að hætta að hafa áhyggjur og njóta skortsins

Í upphafsatriði *Hennar* semur Theodore ástarbréf þar sem hann segir að það að verða ástfanginn feli í sér að átta sig skyndilega á því að maður sé „hluti af stærri heild.“ *Hún* dregur hins vegar athygli að undirliggjandi skorti í ástarsamböndum mennskra sögupersóna þegar þær reka sig ítrekað á það að vera ekki eins og hinn aðilinn vildi eða öfugt, að makinn uppfylli ekki þeirra kröfur. Skorturinn og ófullnægjan í mannlegum ástarsamböndum skýrir hvers vegna Theodore leitar í ást gervigreindar. Gervigreint ástarviðfang lofar eiganda sínum meiri ást en nokkur heilbrigð manneskja gæti veitt honum; þessi ást nærir narsísisma hans og veitir honum ákveðið öryggi, enda „er markmið og fullnægning narsísísk viðfangsvals að vera elskaður.“⁵⁷ Því má segja að Theodore saki í ást gervigreindar til þess að svindla á ástarhagkerfinu sem lýst var í upphafi þessarar greinar, að þiggja ást sem er meiri en sú ást sem veitt er á móti.

Eftir að stýrikerfin yfirgefa mannkynið einblínir myndin að öllu leyti á sambönd milli mennskra persóna, með þeim afleiðingum að sambandið við Samönthu verður eins konar millibilsástand sem gerir Theodore kleift að snúa sér aftur að veruleikanum. Áhorfendur fá ekki á tilfinninguna að hann þurfi nú að syrgja sambandið við hana, hvað þá að hann eigi ekki eftir að geta sleppt því; nær lagi væri að tala um að hann muni bæla það þegar það hefur þjónað tilgangi sínum. *Hún* virðist því ekki ýta undir þá hugmynd að gervigreind geti komið í stað manneskju í ástarsambandi, að minnsta kosti ekki til lengri tíma.

Ef til vill er nokkur huggun í því fyrir áhorfendur að ástarsambandið við stýrikerfið hafi verið ómögulegt frá upphafi – að Samantha hlyti á endanum að verða of öflug fyrir „manneskjuna sína.“ Myndin er mannmiðuð í skilningi sínum á því hvað felst í hamingjusömu ástarsambandi, en líka í sjónarhorni frásagnarinnar. Við upplifum Samönthu einungis frá sjónarhóli Theodores og að sumu leyti minnir hún á kvenpersónu sem hefur orðið að klisju í Hollywoodmyndum og er kölluð „manic pixie dream girl.“ Þessi stereótýpíska persóna er hálfgerð draumadís sem kemur inn í líf karlmanns sem líður illa og hjálpar honum að njóta lífsins á ný. Hún á sér enga baksögu og ekkert persónulegt líf sem truflar áhersluna á karlmanninn; hún er bara

⁵⁷ Sigmund Freud, „Um narsísma“, bls. 51.

til staðar fyrir hann.⁵⁸ Að þessu leyti er *Hún*, eins frumleg og myndin er, að vinna með endurtekið stef í myndum um karlmenn í tilvistarkrísu.

Hún gæti þó líka talist niðurdrepandi mynd vegna þess að hún sýnir hvernig þetta óhefðbundna ástarsamband, sem var að mörgu leyti ljúft – þess vegna er myndin ánægjuleg áhorfs, ást Theodore og Samönthu hafði sinn sjarma eins og allar góðar ástarsögur – misheppnast og niðurstaðan er sú að við sitjum uppi með hefðbundna ást, sem hlýtur stundum að vera ófullnægjandi og gerir kröfu um málamiðlanir. Því kann að vera að lokaniðurstaða myndarinnar sé álíka fráhrindandi og mörgum þykja eflaust kenningar Freuds um ástina: að skortur sé nauðsynlegur í ástarsamböndum en lykillinn sé að samþykkja skortinn og njóta hans.

ÚTDRÁTTUR

Til tunglsins og til baka:

Takmarkalaus ást og gervigreindarmyndin

Með þróun gervigreindar undanfarna áratugi hafa dúkkur, vélmenni og forrit færst sífellt nær því að leysa manneskjur af hólmi í persónulegum samskiptum. Ljóst er að ýmiss konar tækni – allt frá stefnumótaforritum til ástarvélmenna – setur nú þegar svip sinn á ástarsambönd í nútímasamfélögum og er jafnvel farin að hafa áhrif á það hvernig við hugsum um ást. Í greininni eru kenningar Sigmunds Freuds um ást skoðaðar í samhengi við gervigreind eins og hún birtist í vísindaskáldskaparmynd Spike Jonze, *Hún* (*Her*, 2013). Leitast er við að stofna til eins konar samræðna milli kvikmyndarinnar og hugmynda Freuds, með það að markmiði að varpa ljósi á hvort tveggja. Sjónum er sérstaklega beint að hvatahagkerfinu sem Freud taldi einkenna ástarsambönd og þeim áhrifum sem gervigreint ástarviðfang, sem er ekki sömu takmörkunum háð og manneskjan, kann að hafa á upplifun mannsins sem elskar það.

Lykilorð: gervigreind, ást, sálgreining, hvatahagkerfi, vísindaskáldskaparmyndin

⁵⁸ Frekari umfjöllun um „manic pixie dream girl“ má til dæmis finna í kafla eftir Mariu Nilson: „A Magic Manic Pixie Dream Girl? Luna Lovegood and the Concept of Postfeminism“, *Cultural Politics in Harry Potter. Life, Death and the Politics of Fear*, ritstjórar Rubén Jarazo-Álvarez og Pilar Alderete-Diez, New York: Routledge, 2020, bls. 32–41, sjá hér bls. 33.

ABSTRACT

To the Moon and Back: Unlimited Love and the A.I. Film

With the evolution of artificial intelligence over the last decades, dolls, robots and computer programs have come increasingly closer to replacing humans within the realm of personal relationships. From dating apps to love bots, different technology has begun to shape romance in modern society and even affect the ways we understand love. The article explores Sigmund Freud's theorization of love in the context of artificial intelligence in Spike Jonze's sci-fi feature *Her* (2013) in an endeavor to establish a conversation between film and theory that would elucidate both. Special attention is given to the libidinal economy Freud placed at the heart of romantic relationships and the effects an artificially intelligent love object, untethered by human limitations, might have on the human who loves it.

Key words: artificial intelligence, love, psychoanalysis, libidinal economy, the science fiction film

GUÐRÚN ELSA BRAGADÓTTIR

Doktorsnemi í almennri bókmenntafræði við University at Buffalo
gudrunelsab@gmail.com

